

## **59. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. maí 2005 í Stykkishólmi**

**Mættir:** Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir boðaði forföll vegna anna.

*Fundarritari* : Sigríður E. Elisdóttir.

**Formaður setti fund kl. 11:00.**

### **DAGSKRÁ FUNDARINS**

#### **Fundargerð 58. fundar**

Formaður las upp fundargerð 58. fundar.

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var samþykkt. Fundargerðin hafði einnig verið borin undir Guðrúnu Ó. Jónsdóttur arkitekt sem sat fundinn að hluta til og samþykkti hún þá bókun er hana varðar.

#### **Skipulag Breiðafjarðarsvæðisins**

Ritari lét Auði Sveinsdóttur dósent á Hvanneyri vita af dagsetningu fundarins með tölvupósti þann 18. apríl sl. Ekki hafa borist svör frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri um það hvort Umhverfiseild skólans muni taka að sér að vinna verkáætlun vegna aðaskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að bíða svara frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

#### **Stöðuskýrsla um náttúrufar á Breiðafirði**

Til stóð að leggja fram á fundinum stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, en skýrslan barst nefndinni ekki fyrir fundinn eins og áætlað var.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að óska eftir að skýrslunni verði skilað til nefndarinnar sem fyrst.

*Drög að skýrslunni bárust ritara nefndarinnar eftir að fundi var slitið.*

#### **Styrkveiting vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar**

Lagður var fram samningur milli Breiðafjarðarnefndar og Sverris Jakobssonar sagnfræðings um styrkveitingu til Sverris til að hann geti hafið skráningu á sögu Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:** Samningurinn var samþykktur með smávægilegum breytingum. Formaður mun bera samninginn undir Sverri og hefur heimild nefndarinnar til að undirrita hann.

#### **Reglur um feril mála við byggingar í eyjum**

Rætt var að í kjölfar breytinga á lögum um vernd Breiðafjarðar þurfi að uppfæra reglur Breiðafjarðarnefndar frá 6. júní 2002 um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfa á verndarsvæðinu.

**Afgreiðsla:** Reglunum var breytt og verður tilkynning um það send byggingarfulltrúum sveitarfélaganna við Breiðafjörð. Reglurnar verða birtar á heimasíðu nefndarinnar.

#### **Fjármál Breiðafjarðarnefndar og forgangsröðun verkefna**

Rætt var með hvaða hætti forgangsröðun verkefna eigi að vera á þessu ári. Magnús óskaði eftir að fá loftmynd af Flatey og lýsti sig reiðubúinn til þess að vinna sjálfur

upplýsingar um fornleifar og örnefni inná hana. Einnig var rætt að mikilvægt sé að komast í vettvangsferð í sumar.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að ritari kanni hjá Loftmyndum ehf. hvað þeir eigi af tilbúnum lofmyndum af svæðinu. Nefndarmenn munu síðan forgangsraða þeim svæðum sem myndir eru til af svo hægt sé að hefja örnefnaskráningar á þeim.

Magnús mun athuga hvort til sé loftmynd af Flatey og hefur þá heimild til að kaupa hana og færa inn upplýsingar um fornleifar og örnefni.

Þá var ákveðið að óska eftir tilboði frá Náttúrustofu Vesturlands í að semja og setja upp bækling um fuglalíf á Breiðafirði í takt við þann bækling sem Náttúrustofan vann fyrir nefndina um náttúru og sögu Breiðafjarðar.

## **Önnur mál**

### **Skipulagsgerð sveitarfélaga**

Ritari sagði frá námskeiði sem hún sótti og haldið var þann 14. apríl sl. á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands um skipulagsgerð sveitarfélaga.

### **Skólpmengun við útrásir í Stykkishólmi 2003-2004**

Lögð var fram til kynningar skýrsla, unnin af Náttúrustofu Vesturlands að beiðni Stykkishólmsbæjar. Í skýrslunni er sagt frá rannsókn á fjölda og útbreiðslu saurkólí- og saurkokkagerla í yfirborðssjó við útrásir í Stykkishólmi.

Fundi slitið kl. 13:30.

Næsti fundur ákveðinn síðar.